

# „Dream haven“ og önnur úrræði til útgöngu úr vændi

Sveina Hjördís Þorvaldsdóttir, MA í kynjafræði

Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor í kynjafræði, Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands

## Útdráttur

Árið 2009 voru gerðar breytingar á vændisákvæði Almennra hegningarlaga. Samkvæmt breytingunni eru kaup á vændi og hagnaður þriðja aðila af vændis-sölu refsiverð en sala á vændi er refsílaus. Fyrir gildistöku laganna var lítið vitað um aðstæður fólks í vændi og engar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi eftir gildistöku þeirra sem kannar reynslu þeirra sem eru í vændi. Tilgangur þessarar rannsóknar er að bæta úr því. Rannsóknin beinir sjónum sérstaklega að úrræðum til útgöngu úr vændi. Framkvæmd voru 14 eigindleg viðtöl við konur sem verið hafa í vændi og eitt viðtal við forsvarsmanneskju samtakanna Rauðu regnhlífarinnar sem vilja styðja við kynlífsverkafólk. Helstu niðurstöður eru þær að konunum mætti úrræðaleysi í aðdraganda vændis. Þær upplifa vantraust í garð fagaðila og lögreglu. Þær kalla eftir fjölbættum úrræðum fyrir þau sem vilja hverfa úr vændi, harðari refsingum fyrir vændis kaup og að þekking um vændi og afleiðingar þess verði aukin og miðlað til samfélagsins.

**Efnisorð:** Vændi; sænska leiðin; úrræði til útgöngu.

## “Dream haven” and other exit options for women with prostitution experience

### Abstract

The Swedish model which makes the purchase of prostitution illegal but not its sale was approved in the government in 2009. Neither the circumstances



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 18, Issue 2 (261-282)

© 2022 Contact: Gyða Margrét Pétursdóttir, [gydap@hi.is](mailto:gydap@hi.is)

Article first published online December 15th 2022 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 2. tbl. 18. árg. 2022 (261-282) Fræðigreinar

© 2022 Tengiliður: Gyða Margrét Pétursdóttir, [gydap@hi.is](mailto:gydap@hi.is)

Vefbirting 15. desember 2022 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.2.5>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

of people in prostitution, nor what resources need to be in place should they want to get out of prostitution have been mapped out since the law was passed. This study is meant to fill this knowledge gap and its focus is on exit options for people with prostitution experiences. Fourteen interviews with women with prostitution experiences were carried out and an interview with a spokesperson from the Red umbrella, an organization focused on supporting sex workers. Main results are that the women experienced lack of resources before entering prostitution, they do not feel heard or understood communicating with the police, health care and other professionals, and they refrain from seeking their assistance. They wish for diverse resources for those who want to exit prostitution, a stricter penal code for buyers of prostitution, and that knowledge of prostitution and its consequences will be increased in society.

**Keywords:** Prostitution; the Swedish model; exit options.

## Inngangur

Barátta fyrir kynfrelsi kvenna og gegn kynbundnu ofbeldi hefur verið áberandi á Íslandi á undanförunum misserum (Finnborg S. Steinþórsdóttir & Gyða M. Pétursdóttir 2019). Sú barátta á sér nokkurn aðdraganda og árið 2009 voru til að mynda gerðar breytingar á 206. gr. Almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt breytingunni eru kaup á vændi og hagnaður þriðja aðila af vændissölu refsiverð en sala á vændi er refsilaus með öllu. Í greinargerð með lagabreytingunni kemur fram að staða þess sem kaupir sé „í langflestum tilvikum mun sterkari en staða þess sem selur aðgang að líkama sínum til kynlífsathafna“ og „að það sé hlutverk löggjafans að sporna við sölu á kynlífi, enda sé ekki ásættanlegt að líta á mannlíkamann sem söluvöru“ (Þingskjal nr. 583/2008-2009). Markmið þessarar rannsóknar sem byggir á eigindlegum viðtölum við íslenskar konur sem hafa hætt í vændi er skoða hver sé aðdragandi þess að þær fóru í vændi og hvaða úrræði þær telja að þurfi að vera til staðar fyrir þau sem vilja hverfa úr vændi.

Gerður er greinarmunar á hugtökunum vændi og kynlífsvinnu. Sjónarmið þeirra sem tala um kynlífsvinnu grundvallast á því að sala á kynlífi sé atvinna (Comte 2014). Við kynlífsvinnu hendi það að fólk sé beitt ofbeldi, líkt og við aðra vinnu, en kynlífsvinna sé ekki ofbeldi í sjálfu sér. Samkvæmt þessu sjónarhorni er lítið á bann við kynlífsvinnu sem leið til þess að hefta kynfrelsi fólks, sér í lagi kvenna (Sanders 2016; Smith & Mac 2018; Sunna Sæmundsdóttir 2022).

Þau sem beita hugtakinu vændi vilja vekja athygli á kynbundnu ofbeldi og kynferðis- ofbeldi sem þrífst í kynlífssölu. Einstaklingar sem selja vændi eru skilgreindir sem þolendur vændis og þar með þolendur ofbeldis þar sem lítið er á vændi sem ofbeldi (Jensen 2017). Samkvæmt þessu sjónarmiði á að sækja á kaupendur vændis til saka þar sem þeir nýta sér neyð þolenda í kynferðislegum tilgangi (Comte 2014). Konur eru meirihluti þolenda vændis og vændi er þar með ein leið kynjakerfisins til þess að kúga og undiroka konur, þar sem karlar hafa stjórn á konum og kynferði þeirra í gegnum kaup á vændi (Jensen 2017). Þolendur vændis eru hlutgerðar, kyngerðar og afmennskaðar (Comte 2014) og því rændar kynfrelsi sínu samkvæmt þessu sjónarmiði. Rannsóknir hafa sýnt að

kyn, fátækt, þjóðerni og saga um ofbeldi spili stóran þátt í því hverjir leiðast út í vændi (Farley 2018). Helsta markmið þeirra sem berjast gegn vændi er því að mæta þolendum vændis með viðeigandi úrræðum. Greinin er skrifuð frá sjónarmiði og reynslu þolenda vændis og með það fyrir augum að bæta samfélagslegar aðstæður hópsins.

Lítið er vitað um vændi á Íslandi og engar rannsóknir hafa verið gerðar eftir gildis-töku laganna. Í rannsókn á eðli þess og félagslegu samhengi meðal afmarkaðs hóps kom fram að ungt fólk í vímuefnaneyslu stundar nauðarvændi til að afla sér lífsviðurværis á meðan vændi sem tengist nektardansstöðum er skipulagt (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmið Lydía Ellertsdóttir & Inga Dóra Sigfúsdóttir 2001). Ein rannsókn hefur verið gerð á umfangi vændis og var hún gerð á meðal framhaldsskólanema. Þar kom fram að 1% stúlkna og 3,1% drengja á aldrinum 16-19 ára höfðu tekið þátt í kynferðis- legum athöfnum fyrir pening, vímuefni, mat, gistingu eða annan greiða (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir 2003). Einnig hefur verið fjallað um vændi í tengslum við mansal þar sem þolendur mansals eru af erlendum uppruna og ætla má að aðeins lítill hluti þessa hóps hafi leitað sér aðstoðar á Íslandi (Fríða Rós Valdimarsdóttir 2009).

Í þessari rannsókn er spurt: Hvaða úrræði hafa nýst þolendum vændis og hvaða úrræðum óska þeir eftir til að stuðla að og auðvelda útgöngu úr vændi? Þessum spurn- ingum verður svarað í ljósi félagslegs bakgrunns þátttakenda, aðdraganda þess að þeir hófu vændi og reynslu þeirra af samskiptum við fagfólk og lögreglu. Rannsóknin, sem er sú fyrsta sem framkvæmd er á Íslandi í kjölfar þess að sala á vændi var gerð refsílaus, er ætlað að vera innlegg í opinbera stefnumótun í málaflokknum með hagsmunum þolenda vændis að leiðarljósi.

## 1. Vændi í ljósi kynjaðra valdatengsla

### 1.1 Aðgerðir og úrræði til að sporna gegn vændi

Svíþjóð var fyrsta landið til að gera kaup á vændi refsiverð árið 1999, það sem nefnt er sænska leiðin. Með löggjöfinni var vændi skilgreint sem samfélagslegt vandamál sem viðhaldi kynjamisrétti. Karlar njóti yfirburða sem stærsti hluti kaupenda og konur séu í undirskipaðri stöðu sem stærsti hluti seljenda (Langford & Skilbrei 2022; Månsson 2017). Tilgangur sænsku leiðarinnar er að auka öryggi þolenda vændis með auknum úrræðum innan lögreglu, heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem og að beina sjónum að því ofbeldi sem þolendur vændis verða fyrir og alvarlegum afleiðingum þess (Hatcher o.fl. 2018; Månsson 2017). Við mat á árangri sænsku leiðarinnar hefur verið gagnrýnt að litlar breytingar hafi átt sér stað varðandi úrræði og aðra þjónustu fyrir þolendur vændis eftir að löggjöfin var innleidd (Langford & Skilbrei 2022). Að auki hafi innleiðing lög- gjafarinnar ekki haft tilskilin áhrif á viðhorf lögreglunnar né dregið úr áreitni hennar í garð þolenda vændis (Levy 2015). Sænska leiðin hefur því sætt gagnrýni fyrir að vera meira í orði en á borði.

Fram að árinu 2007 hafði bæði sala og kaup á vændi verið ólögleg og refsiverð hér- lendis. Árið 2007 voru gerðar breytingar á lögnum og hvorki sala né kaup á vændi voru refsiverð í tvö ár (Þingskjal nr. 1390/2007). Ísland var eftirbátur nágrannalanda sinna í þessum málum en til samanburðar hafði sala og kaup á vændi verið refsílaus frá árinu

1918 í Svíþjóð og 1902 í Noregi (Langford & Skilbrei 2022). Árið 2009 voru gerðar breytingar á 206. gr. Almennra hegningarlaga nr.19/1940 þar sem kaup á vændi og hagnaður þriðja aðila á vændissölu voru gerð refsiverð. Í lögunum segir að: „Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“ Sökum þess að refsingin er ekki þyngri en eitt ár þá er fyrningarfrestur vændismála tvö ár (Almenn hegningarlög nr. 19/1940).

Örfáir hafa hlotið dóm fyrir vændiskaup á Íslandi en hér tíðkast að vændiskaupendur fái sektir, allt að 200.000 krónum, frekar en dóm (Ríkissaksóknari 2020). Á árunum 2009-2019 voru flest málin 175 árið 2013 en fæst árið 2016, fimm talsins (Ríkislögreglustjórinn 2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019, 2020). Rannsókn vændismála er að mestu leyti tilkomin að frumkvæði lögreglunnar (Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu 2014) og málin eru ekki framarlega á forgangslista lögreglu vegna þeirrar lágu sektar sem ákærðu fá (Hildur Fjóra Antonsdóttir 2019). Markmið lögreglu sé að gera betur í þessum málaflokki en hana skorti bæði fjármagn og mannafla og að brotþolar vændis séu af ýmsum ótilgreindum ástæðum ekki fúsir til samvinnu við lögregluna (Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu 2018). Sænskar rannsóknir sýna að ríkjandi viðhorf innan lögreglunnar sé að konum í vændi geti ekki verið nauðgað og þær eigi því í erfiðleikum með að kæra nauðgun. Sama átti við um þær sem höfðu reynt að kæra hótanir eða annars konar kynbundið ofbeldi. Sumar sem kært hafa nauðgun segja til að mynda ekki frá því að sala á vændi hafi farið fram af ótta við að málið verði ekki rannsakað. Þær forðast alla jafna að leita til lögreglunnar þar sem þeim er ekki mætt sem þolendum kynferðisofbeldis heldur eru þær gerðar ábyrgar fyrir ofbeldinu sem þær eru beittar vegna þess að þær hafi verið í vændi (Hulusjö 2013; Levy 2015). Þessar niðurstöður ríma við inntak nauðgunarmenningar sem er afsprengi ójafnar stöðu kynja í samfélaginu og viðheldur henni jafnframt. Í nauðgunarmenningu eru þolendur kynferðislegs ofbeldis gerð ábyrg fyrir ofbeldinu sem þau eru beitt og stofnanir samfélagsins hafa tillhneigingu til að beita sér ekki sem skyldi þegar kemur að kynferðisbrotum (Finnborg S. Steinþórsdóttir & Gyða Margrét Pétursdóttir 2019). Í nauðgunarmenningu er alið á nauðgunarmýtum um að þolendum vændis geti ekki verið nauðgað því þær hafi með sölu á aðgangi að líkama sínum gefið samþykki sitt (Hulusjö 2013; Levy 2015; Þórhildur Sæmundsdóttir & Þorgerður J. Einarsdóttir 2018).

Vændi er oft nefnt í sömu andrá og mansal og íslensk stjórnvöld gáfu út áætlun gegn mansali fyrir árin 2013-2016 (Dómsmálaráðuneytið e.d.). Í áætluninni er fjallað um fram hvaða úrræði þurfi að vera til staðar fyrir þolendur vændis og mansals og í hvaða aðgerðir þurfi að ráðast. Samkvæmt áætluninni þá þarf að eiga sér stað vitundarvakning í samfélaginu um vændi og vændiskaupendur. Upplýsa þarf vændiskaupendur, og mögulega vændiskaupendur, um stöðu þolenda vændis. Einnig þarf skilvirka eftirfylgni með lögunum því lögin ein og sér duga ekki til að uppræta vændi sem skilgreint er sem samfélagslegt vandamál. Tekið er sérstaklega fram að þolendur vændis og mansals upplífi sig oft ekki sem þolendur ofbeldis og séu því ekki í aðstöðu til að aðstoða lögreglu við rannsókn mála og því er mikilvægt að lögreglan taki frumkvæði í slíkum málum. Nauðsynlegt er að þolendur vændis hafi öruggt húsaskjól í skemmri eða

lengri tíma og geti þar fengið sérhæfða aðstoð til að vinna úr afleiðingum vændis og er Kristínarhús nefnt í því samhengi (Dómsmálaráðuneytið e.d.). Kristínarhús var sérhæft úrræði og athvarf á vegum Stígamóta fyrir þolendur vændis og mansals sem tók til starfa árið 2011. Úrræðið var meðal annars styrkt af stjórnvöldum og þar var þolendum veitt ráðgjöf Stígamóta ásamt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, lögfræðingi og félagsráðgjafa (Stígamót 2011). Stígamót neyddust til þess að loka Kristínarhúsi árið 2013 vegna ónægs fjármagns fyrir rekstri úrræðisins. Á þessum tveimur árum sem Kristínarhús var starfrækt dvöldu þar í heildina 27 konur og 8 börn, 15 þeirra voru erlendar og 12 íslenskar (Stígamót 2013). Ekkert viðlíka úrræði hefur staðið til boða sem sérhæfir sig í móttöku þolenda vændis og mansals eftir að Kristínarhúsi var lokað. Í svari félags- og húsnaðismálaráðherra um lokum Kristínarhúss segir ráðherra mikilvægt að finna nýtt og varanlegt húsaskjól fyrir þolendur vændis. Þau úrræði sem standi þeim til boða séu félagsleg ráðgjöf, starfsemi Stígamóta, vímuefnaðferðir og Kvennaathvarfið (Þingskjal nr. 1295/2013-2014).

Árið 2016 tók til starfa mansalsteymi innan lögreglunnar og í ársskýrslum lögreglunnar má sjá að síðan þá hefur vandi að mestu verið rannsakað í tengslum við mansal og erlendar konur (Lögreglustjórnin á Höfuðborgarsvæðinu 2016, 2017, 2018, 2019, 2020). Árið 2019 gáfu Samtök Ferðapjónustunnar ásamt Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg út fræðsluefni um vandi og mansal, *Vopn gegn vandi*. Fræðsluefnið var ætlað starfsmönnum hótela og annarra gististaða til að auðvelda þeim að koma auga á þolendur vændis og mansals. Þar er tekið fram mikilvægi þess að tilkynna strax til lögreglu ef grunur vaknar um mansal eða vandi og benda þolendum á úrræði eins og Stígamót og Bjarkarhlíð (Samtök ferðapjónustunnar 2019).

Ekkert sérhæft úrræði virðist vera starfrækt í dag að undanskildum sjálfshjálparhópi Stígamóta, Svanahópnum (Stígamót 2015). Hópurinn samanstendur alla jafna af fjórum til sjö konum sem eiga það sameiginlegt að hafa verið í vandi eða eru í vandi og vilja komast út úr því. Helsta markmið hópsins er að styrkja sjálfstraust þolenda vændis, bæta líðan þeirra og rjúfa þá félagslegu einangrun sem tilkomin er vegna vændis (Stígamót 2020). Sálfræðingur ásamt þolanda vændis sem mikið hefur unnið með afleiðingar vændis leiða hópastarfið (Stígamót 2013). Svanahópurinn starfar með hléum og er virkur á u.þ.b. 1 og hálfis árs fresti og þá hittist hópurinn einu sinni í viku í u.þ.b. 12 skipti. Ástæða þess er ónægt fjármagn og vinnuafli til þess að sinna hópunum að staðaldri ásamt því að erfitt er að fá þátttakendur í hópinn þar sem skömmin og sjálfsásökunin vegna vændisins er mjög sterk (Anna Þóra Kristinsdóttir sálfræðingur á Stígamótum, munnleg heimild). Segja má því að þó sænska leiðin eigi að vernda þolendur vændis þá hefur lítið verið aðhafst í þeim málum að frátalinni löggjöfinni sjálfri.

## 1.2 Bakgrunnur fólks í vandi, afleiðingar þess og úrræði til útgöngu

Rannsóknir á vandi eru ekki auðfrankvæmanlegar vegna þess hver erfitt getur verið að nálgast þátttakendur og eru þess vegna oft byggðar á eigindlegum aðferðum. Í viðtalsrannsókn sem framkvæmd var í níu löndum og náði til 854 þolenda vændis kom fram að konur voru í meirihluta þolenda (Farley o.fl. 2004). Sambærilegar niðurstöður

hafa komið fram í samantekt danskra stjórnvalda (Servicestyrelsen & Kompetencecenter prostitution 2009) og rannsókn Stúgamóta sem byggir á gögnum frá 2013-2021. Þar kemur fram að af þeim sem leituðu til Stúgamóta vegna vændis voru 118 konur, 12 karlar og tveir einstaklingar sem skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar (Anna Þóra Kristinsdóttir 2022). Niðurstöður Stúgamóta eru í andstöðu við niðurstöður meginlegrar rannsóknar á umfangi vændis, sem greint var frá í inngangi, þar sem karlar voru í meirihluta þolenda vændis. Mikilvægt er að benda á að sú rannsókn var framkvæmd meðal framhaldsskólanema og náði til þeirra sem sóttu skóla þá daga sem könnunin var lögð fyrir (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir 2003). Könnunin gefur því ekki endilega innsýn í líf þeirra sem eru líklegri en aðrir til að stunda vændi. Í þessu sambandi má nefna að í yfirlitsrannsókn kemur fram að konur eru líklegri til þess að fara í vændi ef þær hafa ekki aflað sér formlegrar menntunar, eru fátækar og hafa orðið fyrir ofbeldi (Farley 2018).

Samkvæmt fyrirbyggjandi rannsóknnum þá hefur meirihluti þeirra sem verið hafa í vændi orðið fyrir ofbeldi áður en vændið hófst, svo sem andlegu ofbeldi, líkamlegu ofbeldi, nauðgun eða annars konar kynferðisofbeldi, sér í lagi í æsku (Donevan 2021; Farley o.fl. 2004, 2011; Gerassi 2015; Hulusjö 2013; Roe-Sepowitz 2012; Roe-Sepowitz, Hickie & Cimino 2012; Wilson & Widom 2010). Stór hluti þolenda vændis hefur einnig orðið fyrir ofbeldi á meðan á vændinu stóð, svo sem líkamlegri árás, niðurlægingu, ráni, nauðgun og annars konar ofbeldi. Ýmsir þættir í lífi þolenda vændis spila hér stóran þátt, til að mynda þjóðerni, stéttarstaða, húðlitur, fíkn, fátækt og heimilisleysi. Því jafnarsettari sem viðkomandi er því berskjaldari er viðkomandi gagnvart ofbeldi. Rannsóknir sýna einnig fram á alvarlegar afleiðingar þess að hafa verið í vændi. Þær eru aðallega sjálfsvígshugsanir, sjálfsásökun, áfallastreita, kvíði, þunglyndi og aftenging (Farley o.fl. 2004, 2011; Hulusjö 2013; Jensen 2017; Roe-Sepowitz 2012). Einnig er algengt að þolendur deyi líkama sinn og tilfinningar með neyslu áfengis og annarra vímuefna (Benoit, Smith o.fl. 2018; Farley o.fl. 2011; Hulusjö 2013).

Hátt hlutfall þolenda vændis vill hætta í vændi og hafa þau nýtt sér úrræði eins og vernd, öruggt húsaskjól, meðferð vegna heimilisofbeldis, meðferð við vímuefnavanda, heilbrigðisþjónustu, aðstoð við umönnun barna, starfsþjálfun, aðstoð við að komast aftur á vinnumarkaðinn og lagalega aðstoð (Farley o.fl. 2004, 2011). Þörf þessa hóps fyrir einstaklingsviðtöl, hópaviðtöl og andlegan stuðning er mikil og mikilvægt að þolendum sé mætt af skilningi, virðingu og að þeirra sjálfsákvörðunarréttur sé virtur (Blintiff, Stark, Brown & Alonso 2018; Donevan 2021; Farley o.fl. 2004, 2011; Hodges & Burch 2019; Roe-Sepowitz o.fl. 2012). Þörf er á samþættum úrræðum þar sem tekið er á ólíkum þáttum. Úrræðin eru oft sniðin að einum þætti í reynslu manneskjunnar, t.d. neyslu vímuefna, og taka ekki á öðrum þáttum eins og ofbeldi. Einnig hafa þolendur vændis upplifað að fá ekki aðstoð því þau uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru, eins og að hverfa tafarlaust úr vændi eða hætta neyslu vímuefna (Neale & Hodges 2020). Þegar viðeigandi þjónusta er til staðar og veitt á réttum forsendum þá eru þolendur vændis líklegri til þess að hverfa úr vændi (Wilson & Nochajski 2016).

Að sama skapi þurfa að vera þær aðstæður að þolendur vændis viti að þau hafi rétt á því að leita sér hjálpar og finni það innra með sér. Þær aðstæður er erfitt að kalla fram

Þar sem vændi er umlukið skömm. Skömmin einangrar þar sem þolendur sjá sig með augum samfélagsins (Slobodin 2019) og samkvæmt hugmyndum samfélagsins er vændi skammarlegt (Brynhildur Björnsdóttir 2022), á ábyrgð þess sem það stundar og þar með taldar afleiðingar þess kynferðisofbeldið, líkt og fram kom í rannsókn meðal kvenna sem stunda vændi í Vancouver (Farley, Lynne & Cotton 2005). Þolendur vændis þurfa því fjölpætt úrræði til að takast á við afleiðingar vændis og þolendaskömmina sem því fylgir. Úrræðin þurfa að vera til staðar til langs tíma og taka mið af ólíkum þörfum þolenda (Blintíff, Stark, Brown & Alonso 2018; Donevan 2021; Farley o.fl. 2004, 2011; Hodges & Burch 2019; Roe-Sepowitz o.fl. 2012).

Ein leið til þess að aðstoða þau sem eru í vændi getur verið skaðaminnkandi nálgun. Hún getur styrkt stöðu fólks í vændi og veitt þeim tilfinningu um stjórn í aðstæðunum (Andrade o.fl. 2019). Skaðaminnkandi nálgun felst meðal annars í því að þolendur vændis geti leitað í öruggt skjól og séu partur af stuðningsríku tengslaneti (Benoit, Jansson o.fl. 2018; Levy 2015; Lim o.fl. 2015). Farley (2018) bendir þó á að skaðaminnkandi nálgun geti leitt til afskiptaleysisstefnu og ráðist ekki að rót vandans sem í okkar túlkun er nauðgunarmenning og ójöfn staða kynja (Finnborg S. Steinþórsdóttir & Gyða M. Pétursdóttir 2019).

## 2. Gögn og aðferðir og þátttakendur

Rannsóknin byggir á eiginlegum viðtölum. Við val á viðmælendum var notast við tilgangsrúttak. Þátttakendur voru valdir út frá markmiði rannsóknarinnar (Katrín Blöndal & Sigríður Halldórsdóttir 2013). Leitast var við að fanga upplifun viðmælenda sem hafa reynslu af vændi og upplifa það sem ofbeldi þar sem sá hópur er líklegri en aðrir hópar að hafa horfið úr vændi og hafa innsýn í hvaða úrræði þurfa að vera til staðar. Lögð var áhersla á að kortleggja hvaða úrræði viðmælendur hafa nýtt sér til að losna úr vændi og hvaða úrræði skortir. Rannsóknin var unnin í samstarfi við Stígámót og samstarfið fólst í því að ráðgjafar Stígámóta dreifðu kynningarbréfi rannsóknarinnar til þeirra sem uppfylltu skilyrði hennar og höfðu nýtt sér þjónustu samtakanna til þess að vinna úr afleiðingum vændis. Í kynningarbréfinu var tekið fram að lítið sé vitað um bakgrunn og aðtæður fólks í vændi og að auki kom fram að „[á]rlega leitar nokkur hópur fólks til Stígámóta sem hafa verið í vændi. Þau eiga það sameiginlegt að upplifa vændi sem kynferðisofbeldi og leita leiða til að komast úr vændi.“ Þátttakendur höfðu samband við rannsakanda (fyrsta höfund greinar) í gegnum tölvupóst þar sem ákveðin var dagsetning fyrir viðtal. Alls höfðu níu viðmælendur samband eftir að hafa heyrt af rannsókninni fyrir tilstuðlan Stígámóta. Þar sem ekki náðist nægilegur fjöldi viðmælenda með þeirri nálgun var ákveðið að deila kynningarbréfinu inn á vefsíðu og Facebooksíðu Stígámóta þar sem óskað var eftir viðmælendum. Rannsakandi deildi síðan auglýsingu inn á Facebookhópana „Femínistaspjallið“ og „Baráttuhópur gegn ofbeldismenningu.“ Var þetta gert til þess að ná til fleiri viðmælenda og sér í lagi þeirra sem höfðu ekki leitað sér aðstoðar vegna vændisins. Fimm viðmælendur höfðu samband eftir að hafa séð rannsóknina auglýsta á Facebook og vildu taka þátt. Einungis sís konur buðu fram þátttöku sína í rannsókninni, þær eru íslenskar á aldrinum 24 til 44 ára.

Tekin voru 15 hálfstöðluð einstaklingsviðtöl þar sem rannsakandi var með fyrir fram ákveðin umræðuefni og viðtalsvísi til að styðjast við: 14 þátttakendur voru þolendur vændis og að auki var tekið viðtal við forsvarsmannskju Rauðu regnhlífarinnar, samtaka kynlífsverkfólks, til þess að fá þeirra sjónarmið og reynslu varðandi úrræði fyrir fólk sem vill hverfa úr kynlífsvinnu, þótt ekki sé litið á kynlífsvinnu sem ofbeldi í sjálfu sér líkt og fram kom í inngangi. Í því viðtali var spurt um samtökin, kynlífsvinnu og úrræði til útgöngu. Þolendur vændis voru spurðir um bakgrunn, fjölskyldusögu, reynslu af vændi og úrræði til útgöngu. Gagnasöfnun hófst í mars 2021 og lauk í febrúar 2022. Öll viðtölin nema þrjú fóru fram í viðtalsrými Stígamóta. Þessi staðsetning var talin henta vel þar sem flestir viðmælendur höfðu áður rætt reynslu sína af vændi eða öðru kynferðisofbeldi þar og upplifa Stígamót sem öruggan stað. Þrjú viðtalanna fóru fram í gegnum fjar-skiptaforritið Zoom þar sem viðmælendurnir voru ekki búsettir á höfuðborgarsvæðinu, en Zoom viðtöl eru talin henta vel þegar rannsakandi og viðmælandi hafa ekki tækifæri til að hittast í persónu (Archibald, Ambagtsheer, Casey & Lawless 2019). Viðtölin voru frá 50 til 110 mínútur að lengd en algengast var að þau stæðu yfir í um 90 mínútur. Allir viðmælendur lásu kynningarbréf og skrifuðu undir upplýst samþykki áður en viðtalið hófst þar sem gefið var leyfi fyrir því að viðtölin yrðu hljóðrituð á síma rannsakanda. Þar á eftir voru viðtölin afrituð í tölvu og hljóðupptökunni eytt.

Við gagnagreiningu var notast við nálgun grundaðrar kenningar sem felst í kerfisbundinni greiningu á gögnum. Nálgunin byggir á því að gögnin voru marglesin og kóðuð með opinni kóðun þar sem hver setning var ítarlega lesin og merkt kóða. Síðan var stuðst við flokkunarmyndun, byggt á kóðunum, þar sem leitað var að endurteknum atburðum eða lýsingum, þau flokkuð saman og skýringa leitað í gögnunum sem varpa ljósi á flokkana (Unnur Guðrún Óttarsdóttir 2013), sú vinna skilaði meðal annars hugtakaflokknum úrræðaleysi í aðdraganda vændis, sem fjallað verður um í næsta kafla.

### 3. Niðurstöður

Niðurstöðurnar skiptast í þrjá hluta. Í kafla 3.1. er fjallað um bakgrunn og félagslegar aðstæður þátttakenda og úrræðaleysi sem þær upplifðu í aðdraganda vændis, kafla 3.2. fjallar um viðmót sem mætir þeim og vantraust þeirra í garð fagfólks og lögreglu og í kafla 3.3. er fjallað um úrræði sem nýst hafa viðmælendum til útgöngu úr vændi og hvaða úrræði skortir að þeirra mati.

#### 3.1 Félagslegar aðstæður og úrræðaleysi í aðdraganda vændis

Allir viðmælendur höfðu upplifað einhvers konar skort á atlæti í uppvestinum. Allar urðu fyrir kynferðisofbeldi í æsku nema tvær, þær urðu fyrst fyrir kynferðisofbeldi þegar þær voru komnar á fullorðinsaldur. Í öllum tilvikum átti kynferðisofbeldi sér stað áður en að vændið hófst. Misjafnt var á hvaða aldri viðmælendur höfðu byrjað í vændi, sumar höfðu verið á unglingsaldri og aðrar höfðu byrjað á fullorðinsárum. Eins var misjafnt hversu lengi viðmælendur höfðu verið í vændi. Sú sem hafði verið skemmst í vændi hafði selt vændi í nokkur skipti en sú sem hafði verið lengst hafði verið í vændi í 12 ár. Algengast var að vændið ætti sér stað frá nokkrum mánuðum og upp í tvö ár.



Meirihluti viðmælanda hafði hafið framhaldsskólagöngu og flosnað upp úr námi áður en vændið hófst eða á meðan vændið átti sér stað, flestar hafa leitað leiða til að klára námið eftir að vændinu lauk. Nokkrir viðmælendur höfðu klárað framhaldsskólamenntun eða háskólamenntun áður en vændið hófst. Átta viðmælendur áttu barn eða börn áður en vændið hófst og allar nema ein voru einhleypar þegar vændið hófst, hún var á sambandi þegar vændið hófst og meðan á því stóð. Fjórir viðmælendur fóru að selja vandi til þess að fjármagna vímuefnaneyslu sína. Staða viðmælanda á vinnumarkaði var einnig misjöfn. Margar höfðu unnið láglunastörf, jafnvel mörg í einu, en gátu þrátt fyrir það ekki séð fyrir sér og börnum sínum. Aðrar voru óvinnufærar, þáðu örorkubætur eða biðu eftir örorkumati. Einn viðmælendi hafði verið í krefjandi og vel launuðu starfi þegar vændið hófst en varð fyrir áfalli á þeim vettvangi sem kippti undan henni fótunum. Sumar áttu eigið húsnæði, nokkrar í bjuggu í leiguhúsnæði, aðrar bjuggu í foreldrahúsum og einhverjar voru heimilislausar. Bakgrunnur þeirra og félagslegar aðstæður voru því með ýmsu móti áður en þær fóru í vandi og meðan á vændinu stóð.

Viðmælendur eiga það langflestar sameiginlegt að hafa leitað sér einhverrar aðstoðar í kjölfar þess að hafa verið beittar ofbeldi og áður en vændið hófst. Nokkrar höfðu leitað til heilbrigðiskerfisins eftir aðstoð og báru því ekki vel söguna. Melkorka hafði reynt að fremja sjálfsvíg 18 ára gömul, fáum mánuðum áður en hún hóf að selja vandi. Hún fékk nýrnabilun í kjölfarið og var lögð inn á bráðamóttöku. Eftir það reyndi hún ítrekað að fá aðstoð en án árangurs: „Það átti einhver læknir, geðlæknir að hafa samband við mig eftir einhvern tíma, þú veist eftir þetta og eitthvað og það gerdist aldrei neitt.“ Viðmótið sem mætti henni varð til þess að hún treysti ekki heilbrigðiskerfinu og veigraði sér við því að leita frekari aðstoðar seinna á lífsleiðinni. Reynsla Melkorku er í samræmi við reynslu annarra viðmælanda sem upplifðu úrræðaleyzi innan heilbrigðiskerfisins í aðdraganda vándis.

Viðmælendur lýsa einnig baráttu við að fá viðeigandi aðstoð vegna fjárhagserfiðleika. Hér verður sérstaklega fjallað um reynslu Lenu sem varpar skýru ljósi á vandann sem viðmælendur eiga við að etja og hvernig sá vandi tengist bakgrunni þeirra og félagslegum aðstæðum. Lena hafði leitað allra mögulegra leiða til þess að afla sér tekna áður en hún tók ákvörðun um að selja vandi. Þegar vændið hófst var hún að biða eftir því að fá staðfesta örorku þar sem hún var óvinnufær:

Ég man að einn læknir sagði við mig „ég get ekki skrifað fyrir þig örorku eða endurhæfingu ég veit ekki hvað ég á að skrifa hvað þarf að laga, hvað er að?“ En jafnvel þó að fólk viti hvað sé að og sé komið með greiningar að þá taka oftast við margra mánaða ef ekki árabíð eftir endurhæfingu ... Í mínu tilviki þýddi það að ég þurfti að lifa á Féló í millitíðinni, ítrekað, og stundum í heilt ár og það, neyðaraðstoð félagsþjónustunnar er ekki gerð fyrir það. Þessi upphæð er svo lág að hún dugir ekki fyrir nauðsynjum, það er bara einfaldlega þannig. Hún dugir kannski fyrir leigunni og punktur. Þá þarftu kannski að nota meðlagið til að borga, hvað rafmagn og internetið og svo ertu með húsnæðisbæturnar ókei, þú veist og þetta er bara algjört þúsluspil.

Lena var að fást við margháttaðar afleiðingar áfalla og lýsir þarna úrræðaleyfinu sem mætti henni. Hún ólst upp hjá einstæðri móður í láglaunastarfi. Lena var í ofbeldissambandi og hafði í nokkur skipti dvalið í Kvennaathvarfinu. Í kjölfar sambandsins var hún úrskurðuð gjaldþrota. Lena var í mörgum störfum samtímis samhliða námi þar til hún brann út og varð óvinnufær í kjölfarið. Hún var búin að leita allra mögulegra leiða til þess að afla sér tekna en neyddist á endanum til þess að selja vændi. Lena, eins og aðrir viðmælendur, býr yfir mikilli sjálfsbjargarviðleitni. Hún kemur sér fyrir horn fjárhagslega og refsileysi vændissölu hafði þar áhrif á:

Það eru til leiðir til að bjarga sér en ég bara sá engar leiðir aðrar á þessum tíma. Einhverjir myndu fara að selja dóp, ég þorði því ekki til dæmis. Mér fannst bara sjálfsagðra bara einhvern veginn að, að fara á minn eigin líkama einhvern veginn að, en það líka spilar inn í að hérna, ég hafði stolið mér til matar og ég hafði fengið dóm fyrir það og það var alveg ofboðslega niðurlægjandi ... Ég vissi að ég gæti ekki fengið dóm, sænska leiðin var komin þarna í gegn og eins mikið og ég styð hana að þá, gerði hún það að verkum að mér fannst þetta skárri heldur en að selja, fíkniefni til dæmis.

Eftir að hafa reynt allt til þess að sjá fyrir sér og barni sínu þá hafði Lena einungis tvo kosti, að selja fíkniefni eða selja aðgang að líkama sínum. Sænska leiðin virðist því að einhverju leyti hafa normaliserað það að hún seldi aðgang að líkama sínum, í stað þess að selja fíkniefni. Þrátt fyrir að markmið sænsku leiðarinnar sé að „sporna við sölu á kynlífi“ (Þingskjal nr. 583/2008-2009). Sala á vændi verður því skárri kostur af tveimur slæmum þar sem Lena veit að hún verður ekki sótt til saka. Ákvörðun Lenu um að selja vændi má einnig skoða í ljósi þess að hún aðalumönnunaraðili barns. Hún vill ekki selja fíkniefni eða aðhafst annað ólöglegt og eiga á hættu að lenda í fangelsi og vera aðskilin frá barni sínu. Þessar niðurstöður ríma við niðurstöður erlendra rannsóknna á mæðrum í vændi sem oft hafa verið að kljást við mikla fátækt og taka ákvarðanir með hagsmuni barna sinna í huga (Beckham, Shembilu, Winch, Beyrer & Kerrigan 2015; Rivers-Moore 2010).

Þolendur vændis höfðu leitað ýmissa úrræða áður en þær tóku ákvörðun um að fara í vændi en þeim mætti oftast úrræðaleyfi. Eitt af markmiðum sænsku leiðarinnar er að koma í veg fyrir að fólk leiti í vændi. Til þess þurfa að vera til staðar úrræði áður en þolendur neyðast til þess að selja vændi í þeim tilgangi að sjá sér og sínum farboða.

### 3.2 Viðmót fagfólks og lögreglu og vantraust í þeirra garð

Viðmælendur lýsa því einnig að mæta úrræðaleyfi þegar kemur að því að vinna úr afleiðingum vændis. Almenn þekking virðist ekki vera til staðar um hvað felist í því að hafa verið í vændi, ofbeldið sem þrífst innan þess og hvaða afleiðingar þolendur þurfi að takast á við í kjölfarið. Petra reyndi að leita sér aðstoðar sem þolandi vændis hjá athvarfi fyrir þolendur kynferðisofbeldis en mætti þar skilningsleysi:

Þessi þröskuldur og ég upplifði það meira að segja líka hjá [athvarf fyrir þolendur kynferðisofbeldis] sem á að vera einmitt fyrir fólk sem

að hefur upplifað allskonar kynferðisbrot og svoleiðis að hún hafði ekki fengið margar svoleiðis [með reynslu af vændi] til sín og við erum, við erum margar þarna úti en við höfum ekki þorað að tala um þetta eða að fá aðstoð af því það er ekkert umræða um þetta það er ekkert, þú veist það fær enginn aðstoð þú veist sálfræðingar og allskonar meðferðaraðilar fá ekkert tólin til þess að hjálpa okkur með þessi mál.

Margir viðmælenda upplifðu sambærilegt skilningsleysi. Flestar þeirra þorðu ekki að deila reynslu sinni með læknum eða öðru heilbrigðisstarfsfólki af ótta við útskúfun og fordóma. Í rannsóknum hefur komið fram að þolendur vændis upplifa oft virðingar- og skilningsleysi af hálfu heilbrigðisstarfsfólks og annarra þjónustuaðila (Basnyat 2015; Benoit, Jansson o.fl. 2018; Donevan 2021; Levy 2015). Orð Fríðu eru lýsandi:

Mér finnst ég hafa verið að fræða mitt fagfólk um þetta. Geðlækninn minn, hjúkrunarfræðing ... þekkingin er einhvern veginn engin, og, ég held það hjálpi ekki, þú ferð á heilsugæsluna og þú náttúrulega gengur bara út frá því að það viti enginn hvað vændi er, jú þau vita hvað vændi er, en hvað það þýðir í raun og veru.

Fríða lýsti því að það væri einfaldara að leita sér ekki aðstoðar en að mæta slíku skilningsleysi. Í hvert skipti þyrftu þolendur vændis að opna sig inn að kvíku til að koma fagfólki í skilning um hvað þær hefðu gengið í gegnum og hvaða afleiðingar þær væru að kljást við. Drífa hafði reynslu af því að segja bæði sálfræðingnum sínum og geðlækni frá því að hafa verið í vændi. Aðspurð um hvort henni hafi verið veitt einhver aðstoð í kjölfarið eða bent á úrræði sagði hún sálfræðinginn sinn hafa bent sér á að leita til Bjarkarhlíðar:

Sálfræðingurinn leiðbeindi mér þangað en geðlæknirinn minn ekki, við bara ræddum þetta, þetta fór bara í, hann skrifaði þetta ekki einu sinni í söguna skilurðu þú veist hann veit þetta bara, hann vill ekki hafa of mikið skrifað inn í sögunni.

Drífa sagði frá því að öll hennar áföll og reynsla væri skráð í söguna hennar nema vændið. Velta má fyrir sér hvaða skilaboð það sendi Drífu þegar geðlæknirinn hennar kys að setja þetta ekki í söguna og ræðir ekkert við hana frekar um vændið eða afleiðingar þess. Það sem mætir henni er þöggun og hún situr ein með afleiðingar vændisins og skömm yfir því að hafa sagt frá.

Nokkrir viðmælendur höfðu átt í samskiptum við lögregluna í tengslum við vændi. Fríða var þó sú eina sem hafði reynt að kæra vændiskaupendur til lögreglunnar eftir að hafa safnað til þess kjarki í langan tíma. Lögreglan gat engin svör veitt henni og sagði Fríða að: „Hún [lögreglan] bara veit ekkert hvað hún á að gera við mig.“ Fríða var send heim án þess að formlega hafi verið tekið við kæru hennar og rúmu ári síðar hafði hún enn ekkert heyrt frá lögreglunni og upplifði þessi viðbrögð lögreglunnar þannig að hún skipti ekki máli og að lögreglunni væri sama þó hún hafi orðið fyrir ofbeldi.

Nína fékk ítrekaðar hótanir frá vændiskaupanda. Hún varð mjög óttaslegin og hafði samband við lögreglu:

Daginn eftir að þá sendir maðurinn [vændiskaupandi], sendir hann mér bara sms eitthvað að hann ætlar að fá þessi tvö skipti, ég sé bara einhver helvítis hóra annars fer hann bara til lögreglunnar og eitthvað og hann fer að hóta mér og ég var alveg bara ógeðslega hrædd, ég hringdi meira að segja í lögguna alveg getur hann kært mig eða eitthvað þú veist, [vændiskaupandinn] gat það náttúrulega ekki.

Lögreglunni var gert vart um vændiskaup og hótanir vændiskaupanda gagnvart þolenda vændis en virðist ekkert hafa aðhafst frekar í málinu. Herdís upplifði einnig sinnuleysi lögreglunnar sem hún setur í samhengi við stöðu sína sem seljandi vændis. Hún varð fyrir hrottalegri nauðgun og frelsissviptingu á meðan sala á vændi fór fram og leitaði til lögreglunnar í kjölfarið:

Ég reyndi að kæra þetta til lögreglu eða ráðfæra mig við lögreglu og hérna sagði þetta svona og mér var ráðlagt að kæra ekki því þá myndi ég opinbera sjálfa mig sem vændiskonu og hann [lögreglumaðurinn] sagði „jú jú ég get alveg tekið kærana niður en ert þú tilbúin í þetta?“

Þrátt fyrir að vændiskaupendur eigi að sæta refsingu og að auki eigi þeir aðilar sem nauðga og frelsissvipta einnig að sæta refsingu þá ráðleggur lögreglan Herdís að kæra ekki. Hættan sé of mikil fyrir hana þar sem hún verði opinberuð sem vændiskona. Í svörum lögreglu til Herdísar birtast gamalgrónar hugmyndir tengdar nauðgunarmenningu (Finnborg S. Steinþórsdóttir & Gyða M. Pétursdóttir 2019) þegar það er útskýrt fyrir henni að líklegast yrði aldrei sakfellt í þessu máli ef hún myndi kæra. Skýringar lögreglunnar voru eftirfarandi: „Það væri rosalega erfitt að hérna koma með rökfærsluna fyrir dóm ... hann ætti rétt á því að nauðga mér af því hann var að borga mér.“ Þar með birtist sú nauðgunarmýta að þolendum vændis geti ekki verið nauðgað því þær hafi með sölu á aðgangi að líkama sínum gefið samþykki sitt (Hulusjö 2013; Levy 2015; Þórhildur Sæmundsdóttir & Þorgerður J. Einarsdóttir 2018). Herdís fékk enga aðstoð í kjölfar þess að hafa leitað til lögreglu og ekkert varð úr málinu. Stuttu síðar hafði lögreglan þó afskipti af henni og hún var kærð fyrir að auglýsa vændi:

Þá mætti löggan heim til mín til þess að kæra mig fyrir að auglýsa vændi og hérna, það var alveg rosalegt sko og í kjölfarið þá reyndi Féló af því ég var með opið barnaverndarmál út af því að ég lenti í burn out, að þá reyndi Féló að taka af mér barnið mitt út frá þessu og þeir sögðu bara það er bannað að auglýsa vændi.

Herdís tilkynnti nauðgun en var ráðlagt að kæra ekki vegna stöðu sinnar sem seljandi vændis. Hún var aftur á móti kærð fyrir að auglýsa vændi og var þar með orðin glæpamaðurinn. Þrátt fyrir að sænska leiðin skilgreini seljendur vændis sem þolendur og að markmiðið sé að þau fái vidoigandi úrræði og aðstoð til að hverfa úr vændi (Hatcher o.fl. 2018; Langford & Skilbrei 2022; Månsson 2017) virðist lögregla hafa lagalega heimild til að kæra þolendur fyrir að auglýsa vændi. Herdís upplifði algjört vantraust í garð lögreglunnar í kjölfarið.

Katla lýsti einnig vantrausti í garð lögreglunnar, heilbrigðisstarfsfólks og félagsþjónustu og taldi ekki öruggt að upplýsa þau um vændissöluna þar sem henni hafði verið byrjað og nauðgað:

Ég þorði aldrei að segja að ég hafi verið í vandi eða neyslu eða, af því ég var svo hrædd um að mér yrði ekki trúað þú veist, að þessi atburður yrði alltaf tengdur bara við lífernið sem ég lifði ... Ég mætti bara alls staðar einhverri mótspyrnu skilurðu ... þú veist hvað varstu að þæla hvað varstu að gera? Þú veist af hverju ertu orðinn dópisti hvað með barnið? Hvað er að þér? ... Ég bara hef ekki, ekki sko dropa af trausti hvorki til lögreglu eða barnaverndarnefndar eða, skilurðu barna, þú veist ég lauk málinu hjá barnaverndarnefnd án þess að segja þeim neitt frá þessu þannig að þú veist, og ég meina þarna er verið að gæta hag barnsins míns þannig ég var ekki að fá viðunandi meðferð til þess að vera hæfari móðir og leita úrræða fyrir barnið mitt af því ég þorði ekki að segja allan sannleikann af því að mér hefði verið hefnt fyrir það.

Köttlu var ekki veitt nein aðstoð og hún var stimpluð sem dópisti og gerð ábyrg fyrir þeirri nauðgun sem hún varð fyrir. Hún passaði sig á því að ekki kæmist upp að hún hafi verið í vandi af ótta við að fá ekki viðeigandi þjónustu, sjónarmið sem studd eru erlendum rannsóknum af reynslu þeirra sem eru eða hafa verið í vandi (Basnyat 2015; Benoit, Jansson o.fl. 2018; Donevan 2021; Levy 2015). Bæði Herdís og Katla lýsa þarna óttanum sem þolendur vændis búa við. Ef upp kemst að þær hafi verið í vandi þá eru þær stimplaðar sem slæmar mæður sem ekki sé treystandi fyrir umönnun barna sinna í stað þess að veita þeim aðstoð, upplifun sem einnig á sér samsvörun í erlendum rannsóknum (Peled & Levin-Rotberg 2013). Þær voru samt sem áður báðar í þeirri stöðu að hafa farið í vandi í von um að geta veitt barni sínu betri aðstæður.

Þolendur vændis eru jafdarsettar, þær njóta ekki viðunandi þjónustu fagfólks og lögreglu og hylmt er yfir vændiskaupendum.

### 3.3 Úrræði til útgöngu

Flestar viðmælenda höfðu nýtt sér bæði einstaklings- og hópaviðtöl Stígamóta. Arna nýtti sér hópaviðtöl fyrir þolendur kynferðisofbeldis og sagði það hafa hjálpað sér við að átta sig á afleiðingum vændis og því hversu hart hún hafði dæmt sjálfa sig. Áður en Katla leitaði til Stígamóta hafði hún upplifað sjálfsásökun í tengslum við vandið og þurfti að heyra það upphátt frá öðrum að sökin væri ekki hennar: „Ég fékk að upplifa það, að einhver annar þyrfti að taka ábyrgð á gjörðum sínum gagnvart mér skilurðu ... það var í fyrsta skiptið sem var sagt við mig, var þetta val eða var þetta til þess að lifa af?“ Einhverjir viðmælendur hafa einnig verið í Svanahópi sem er hópur fyrir þolendur vændis á vegum Stígamóta. Reynsla Nínu af þeim hópi var með þessum hætti: „Gott að hitta aðrar sem voru líka búnar að vera gera þetta og sjá þú veist hvað maður á sameiginlegt og alls konar þú veist maður var ekki eina manneskjan.“ Þrátt fyrir að einstaklings-, hópaviðtöl og Svanahópurinn hafi reynst viðmælendum vel þá duga þau úrræði ekki ein

og sér. Brynja segist hafa fengið mikið út úr því að hafa verið í Svanahópi en kallar eftir langtímaúrræði:

Þegar þú ert búin með þann hóp hvað áttu þá að gera? Það tekur miklu lengri tíma og meira að þú veist heldur en að fara í gegnum einn hóp, það þarf miklu meira aðhald það þarf að hafa bara eitthvað svona prógramm fyrir þær sem hafa lent í vændi.

Þjónusta Svanahópsins er takmörkuð vegna þess að ekki er nægilegt fjármagn til þess að sinna hópastarfseminni að staðaldri. Margir viðmælendur nýttu sér þjónustu Svanahópsins því hún er þeim að kostnaðarlausu og að sama skapi tóku viðmælendur fram mikilvægi þess að sálfræðiþjónusta væri niðurgreidd. Einhverjar höfðu neyðst til þess að hætta hjá sálfræðingi því þær gátu ekki staðið undir kostnaðinum.

Forsenda þess að þjónustan nýtist þolendum er að þeim sé mætt með skilningi, trausti og virðingu (Blintiff o.fl. 2018; Donevan 2021; Farley o.fl. 2004, 2011; Hodges & Burch 2019; Roe-Sepowitz o.fl. 2012). Forsvarsmanneskja Rauðu regnhlífarinnar nefndi í því sambandi vorkunn sem andstæðu virðingar:

Fagaðilar eru að dýla við fólk í kynlífsvinnu sem er svo mikið svona „æ greyið“, það er alltaf þessi vorkunn og hún á bara ekkert heima í svona dæmi þú veist þegar þú ert að tala við kynlífsverkamanneskju alveg sama hvað upplifun þeirra er þá áttu ekki að mæta okkur með vorkunn, af því að þá erum við strax bara eitthvað já það er eitthvað að okkur, við erum vandamálið þau ætla að leysa það.

Hér bendir forsvarsmanneskjan á hvernig komið er fram við fólk eins og viðföng og þar með verkefni sem fagaðilar telja sig þurfa að leysa, og jafnframt er bent á mikilvægi sjálfs-ákvörðunarréttar fólks óháð stöðu þeirra í samfélaginu. Katla lagði áherslu á að byggja þyrfti upp traust og veita þjónustu sem byggði á þekkingu og skilningi:

Mér finnst fagfólk í fyrsta lagi þurfa að átta sig á því að það þarf að bera virðingu og það þarf að vinna sér inn traust skilurðu og, mér finnst vera lítillækkun við þolendur að þú veist ef þú ert ekki tilbúin bara til að taka einhverjum afleiðingum eða koma og segja okkur núna strax þá bara geturðu sleppt því, þú veist það vantar þessa nálgun að bara þú ert einhvers virði og ég skal gefa mér tíma í að byggja upp traust svo þú treystir þér til að segja mér eitthvað og við skulum finna út úr þessu saman skilurðu, kerfið bendir alltaf bara á eitthvað svona eina leið ... mér finnst bara að það þurfi að vera, skilningur og þekking, það þarf að fara að kynna sér þessi mál.

Margir viðmælendur töluðu um að aðstodin þyrfti að vera til staðar í lengri tíma því þolendur vændis væru ekki alltaf tilbúnir að segja frá strax. Í mörgum tilfellum áttuðu þolendur sig jafnvel ekki á því að á þeim hafi verið brotið fyrir en síðar og þá er mikilvægt að úrræði séu aðgengileg. Í því samhengi var einnig nefnt að lengja þurfi fyrningarfrest í kærumálum er tengjast vændi og herða þurfi löggjöfina:

Við erum ekkert með sænsku leiðina við erum með hálfra sænsku leið, þeir fá nafnleynd, þetta er svona svipað og umferðarlagasekt þegar þeir eru teknir, ég myndi alveg vilja meira þú veist já, að þeir yrðu afhjúpaðir og skömmin væri þá þeirra.

Framkvæmd núverandi löggjafar veitir þolendum vándis litla vernd, líkt og fram kom í kafla 3.2. Viðmælendur vilja að tekið sé á vándismálum, þær hljóti lagalega vernd og að vándiskaupendum sé refsað. Annað úrræði sem var nefnt er fjárhagsaðstoð til lengri tíma:

Ég myndi vilja sjá að það væri hérna fjárframlög frá ríkinu eða eitt-hvað já bara föst fjárframlög árlega í Kristínarsjóð sem er sjóður hérna [á Stígamótum] fyrir þolendur vándis og þær gætu bara leitað hérna fjárhagsaðstoð og fengið bara því sem nemur atvinnuleysisbótum eða jafnvel aðeins meira ef það væri hægt, uhm, í alveg 2 ár meðan þær eru að vinna í sér.

Jódís tók fram að mikilvægt væri að fjárhagsaðstoðin færi í gegnum Stígamót eða önnur sambærileg samtök svo þolendur vándis gætu leitað þangað nafnlaust. „Þannig þær þurfi ekki að fara eitthvert og ... útskýra hvað þær eru búnar að gera til þess að ná sér í pening síðustu mánuði, árin.“ Forsvarsmanneskja Rauðu Regnhlífafarinnar nefndi í þessu sambandi mikilvægi aðstoðar „við að fara aftur inn á hinn almenna vinnumarkað.“

Nokkrar nefndu þörfina fyrir að hafa aðgang að öruggu rými þar sem hægt væri að byggja sig upp, einhvers konar athvarf sem opið er allan sólarhringinn þar sem þolendur vándis geta leitað og fengið aðstoð. Draumaúrræði Guðnýjar er eftirfarandi: „Drauma- staður þar sem er bara svona meðferðarheimili ... þar sem maður getur bara þú veist, bara verið í prógrömmum og verið í öruggu umhverfi.“ Svava talar einnig fyrir meðferðarúrræði þar sem veitt er fræðsla sem miðar að því að afbyggja samfélagslegar hugmyndir um vándi:

Það var einmitt mjög sjokkerandi fyrir mig þegar ég komst af því að vándi er einmitt ein afleiðing kynferðisofbeldis, ég var mjög lengi að trúa því að þegar mér fannst ég bara ógeðslega heimsk og skítug og þú veist já bara ógeðsleg bara svolítið eins og samfélagsumræðan er, og já þú veist ég hefði verið ógeðslega mikið til í, á þessum tíma bara já svolítið eins og bara svona já úti meðferð skilurðu bara mæta í sko, í þú veist bara fá fræðslu bæði um vándi og, bara kynferðisofbeldi og bara svona uppbyggingarverkfæri í rauninni þú veist, bara svolítið svona að fá að heyra það bara á hverjum virkum degi í 4 vikur ... það er ekkert að mér skilurðu, þú veist ég er ekki í, ég, þú veist ég er ekkert ógeðsleg fyrir að eiga þessa lífeyrslu og bara þú veist af því þú veist maður þarf að heyra hlutina ógeðslega oft og frekar reglulega til þess að þeir stimplist inn og það er akkúrat hvernig meðferð virkar þú veist þú ert bara á einhverjum stað eða þú ert að mæta á einhvern stað og þetta er bara lífið þitt.

Líkt og Svava tekur fram er mikilvægt að þolendur vændis hafi aðgang að úrræðum til að vinna með þolendaskömmina og aðrar alvarlegar afleiðingar þess að hafa verið í vændi. Einnig birtist þarna þörfin fyrir að þolendur fái aðstoð við að vinna úr afleiðingum annarra kynferðisbrota. Samþætta þarf þessi úrræði svo þolendur þurfi ekki að leita á marga staði eftir aðstoð, heldur geti leitað á einn stað sem veitir fjölbreytt úrræði, „draumastað“ líkt og Guðný og Svava nefna.

Nokkrir viðmælenda tóku fram að ekki sé nóg að veita aðstoð þegar einstaklingur er hættur í vændi, einnig þurfa að vera til úrræði fyrir fólk sem er í vændi. Mörgum viðmælenda var ofarlega í huga hvernig mætti auka öryggi þeirra sem eru í vændi. Forsvarsmanneskja Rauðu regnhlífarinnar sagði: „Láttu fólk vita af þér ... alltaf vera með einhvern sem að veit hvert þú ert að fara ... við viljum ekki að neinn [sé] einn og hræddur.“ Nokkrar nefndu mikilvægi tengslanets sem hægt er að leita í og fá áheyrn án þess að eiga á hættu að verða fyrir fordómum. Samkvæmt forsvarsmanneskju Rauðu regnhlífarinnar er tilurð samtakanna sprottin af þessu: „Þannig urðum við til, já ... okkur finnst það bara mikilvægt að það séu tengsl og að kynlífsverkafólk viti að það er ekki eitt.“ Petra kallaði eftir skaðaminnkandi úrræði með aðkomu lögreglunnar:

Mér fannst þegar ég var í vændinu og finnst ennþá að það ætti að vera deild innan lögreglunnar þar sem að væri kvenkyns manneskja það þyrfti að vera kvenkyns lögreglumanneskja sem að væri inni í vændismálunum ... sem að maður gæti þá einmitt leitað til þú veist ef maður lendir í nauðgun ókei þá get ég farið þarna í þessa deild talað við hana þó maður kæri ekki skilurðu að þá getur verið hægt að skrifa það niður bara innan þessarar deildar kannski eða eitthvað svoleiðis, og hérna þá væri einmitt hægt að segja heyrðu þú getur talað við Bjarkarhlíð hún bíður eftir þér núna, þú getur talað við hana núna þú veist uhm, ég myndi sjá það sem vissa lausn ... Lausnin er ekki að reyna að fela þetta eða eyða þessu út eða þú veist bara af því að þetta mun alltaf vera þannig séd á meðan neyðin er en að hafa þá einmitt svona öryggisafdrepp fyrir þær sem að lenda í slæmum atvikum þegar þær lenda í þeim.

Hlutverk lögreglunnar á því að vera að vernda og aðstoða þolendur vændis en ekki jaðarsetja þá enn frekar, líkt og fjallað var um í kafla 3.2. Í skaðaminnkandi nálgun felst einnig að þolendur geti leitað á stað þar sem þau fá fjárhagslega aðstoð, húsaskjól og upplifa öryggi.

Samantekið eru þetta þau úrræði sem viðmælendur kalla eftir: Fræðsla til handa fagfólki og lögreglu svo þolendum sé mætt af virðingu og skilningi; aukið aðgengi að og niðurgreiðsla sálfræðiþjónustu; sérhæfð einstaklings- og hópaviðtöl fyrir þolendur vændis; fjárhagsaðstoð án skilyrða og aðstoð við að komast aftur á almenna vinnu- markaðinn; harðari refsingar vegna vændiskaupa; meðferðarheimili með dagdeild sem býður upp á fræðslu og úrræði til að bregðast við fjölpættum vanda og marghátuðum áföllum; skaðaminnkandi nálganir, s.s. öruggt rými og tengslanet.



#### 4. Umræður og samantekt

Reynsla viðmælenda er sú að sænsku leiðinni sé ekki framfylgt og er það í samræmi við niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á löggjöfinni annars staðar (Hatcher o.fl. 2018; Langford & Skilbrei 2022; Månsson 2017). Aðgerðarleysi yfirvalda og löggjöf sem ekki er framfylgt viðheldur nauðgunarmenningu - þar með talið vændiskaupum - og ójafnri stöðu kynja (Finnborg S. Steinþórsdóttir & Gyða M. Pétursdóttir 2019).

Margir viðmælenda eiga það sameiginlegt að hafa leitað allra leiða til að sjá fyrir sér áður en þær neyddust til að taka ákvörðun um að selja vændi og allar höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi áður en þær fóru í vændi. Flestir viðmælendur höfðu leitað sér sálrænnar, félagslegrar og/eða fjárhagslegrar aðstoðar áður en vændið hófst. Aðstoðin var gjarnan tímabundin og afmörkuð, til dæmis sálræn eða fjárhagsleg, og dugði ekki til. Úrræðaleysið sem mætir viðmælendum áður en þær fara í vændi samræmist ekki hugmyndafræði sænsku leiðarinnar sem á að sporna gegn því að fólk finni sig knúið til að selja vændi (Månsson 2017). Viðmælendur vilja sjá viðeigandi úrræði sem komi í veg fyrir að þær og fólk í svipaðri stöðu þurfi að selja vændi. Hér er því lögð áhersla á bættu sálræna, félagslega og fjárhagslega aðstoð, bæði til að vinna úr áföllum og eins til að geta séð fyrir sér og sínum á meðan unnið er úr áföllum. Með fyrirbyggjandi aðgerðum má hugsanlega draga úr vændi sem er markmið löggjafarinnar (Þingskjal nr. 583/2008-2009).

Einhverjar höfðu reynslu af því að vera boðin úrræði sem voru bundin ákveðnum skilyrðum, eins og að hætta tafarlaust í vændi ella yrðu þær sviptar forræði yfir börnum sínum, það hugnaðist þeim afar illa og þær upplifðu að verið væri að grípa fram fyrir hendurnar á þeim, beita þær valdi líkt og þær upplifðu í vændinu og því nýttist aðstoðin þeim ekki. Mikilvægt er að þolendum vændis sé mætt af virðingu og skilningi og að þeirra sjálfsákvörðunarréttur sé virtur (Gatrell 2010).

Varðandi úrræði til útgöngu úr vændi þá nefna viðmælendur helst öruggt húsnæði og fjárhagsaðstoð. Viðmælendur vilja einnig sálrænan og félagslegan stuðning og var í því sambandi nefnd aðstaða líkt og meðferðarheimili þar sem einstaklingar geta dvalið í lengri eða skemmri tíma og sótt sér fjölpætta þjónustu. Þessi úrræði samsvara þeim úrræðum sem aðrir þolendur vændis hafa kallað eftir (Blintiff o.fl. 2018; Donevan 2021; Farley o.fl. 2004, 2011; Hodges & Burch 2019; Roe-Sepowitz o.fl. 2012). Flestir viðmælendur hafa nýtt sér bæði einstaklings- og hópaviðtöl hjá Stígamótum og þrátt fyrir að viðtölin hafi nýst þeim til að vinna úr afleiðingum vændis þá er vöntun á fleiri viðtölum og meiri stuðningi. Ítrekað kom fram að mikilvægt sé að fræða almenning, lögregluna, heilbrigðisstarfsfólk og annað fagfólk um hvað felist í því að vera í vændi, hvers vegna fólk fari í vændi og hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér.

Viðmælendur nefndu einnig að þörf væri á hardari refsingum í vændismálum og að þolendur vændis njóti verndar lögreglu. Þeirra upplifun er sú að vændi sé ofbeldi og þær eigi að geta leitað réttar síns og kært þá vændiskaupendur sem nýttu sér neyð þeirra, með öðrum orðum þá vilja þær að löggjöfinni sé framfylgt. Sænska leiðin hefur einmitt sætt gagnrýni fyrir að ekki hafi verið unnið í því að breyta viðmóti lögreglu í garð þol-

enda vændis (Langford & Skilbrei 2022; Levy 2015) og að ekki hafi verið sett á laggirnar þjónusta eða önnur úrræði fyrir þolendur vændis í samræmi við hugmyndafræði sænsku leiðarinnar sem hefur það að markmiði að auka öryggi og bæta aðstæður þolenda vændis (Hatcher o.fl. 2018; Langford & Skilbrei 2022; Másson 2017). Því tengt þá er þörf á skaðaminnkandi nálgun (Andrade o.fl. 2019) þar sem einstaklingar í vændi geta leitað sér aðstoðar á meðan vændinu stendur, t.a.m. fjárhagsaðstoðar og sótt í tengslanet líkt og fram kom hjá nokkrum viðmælendum þessarar rannsóknar.

Rannsókninni er ætlað að hvetja til umræðna um aðdraganda þess að fólk fari í vændi, hvaða úrræði þurfi að vera til staðar til að auðvelda og stuðla að því að fólk hverfi úr vændi, og henni er ætlað að vera innlegg í opinbera stefnumótun í málaflokknum með hagsmuni þolenda vændis að leiðarljósi. Viðmælendur þessarar rannsóknar buðu fram þátttöku sína og þær höfðu allar upplifað ofbeldi meðan á vændinu stóð. Ein helsta áskorunin þegar gerðar eru rannsóknir á reynslu undirskipaðra hópa sem eru á jaðri samfélagsins er að ná til viðmælenda. Hér var farin sú leið að vera í samstarfi við Stígámót sem aðstoðuðu rannsakanda með því að gefa hugsanlegum viðmælendum upplýsingar um rannsóknina og þannig færi á að taka þátt í henni. Rannsakandi beitti einnig öðrum aðferðum, sem lýst er í 2. kafla, til að ná í tilskilinn fjölda viðmælenda. Hugsanlegt er að þessi nálgun skili sér í einsleitum hópi viðmælenda og að ef beitt hefði verið öðrum nálgunum þá hefði mátt ná til enn fjölbreyttari hóps, t.d. sis og trans karla, trans kvenna og kynsegin fólks, og einnig þeirra sem ekki hafa upplifað ofbeldi í vændi en vilja engu að síður hverfa úr vændi. Líta má á þetta sem takmörkun rannsóknar og við hvetjum til fleiri rannsókna á sviðinu.

Að lokum viljum við leggja áherslu á atbeina viðmælenda sem birtist ítrekað í viðtölunum. Þrátt fyrir mótlætið sem þær hafa upplifað áður en þær hófu vændi, á meðan á vændinu stóð, og eftir að því lauk þá halda þær áfram að leita leiða til að bæta aðstæður sínar og þeirra sem eru í svipuðum sporum. Nú þurfa stjórnvöld að svara ákalli þeirra og koma á fót þeim úrræðum sem kallað er eftir í anda laganna sem samþykkt voru á Alþingi árið 2009.

## Þakkir

Viðmælendum er þakkað fyrir þátttöku í rannsókninni. Án þeirra hefði þessi rannsókn ekki verið möguleg.

## Heimildir

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Andrade, E., Leyva, R., Kwan, M.-P., Magis, C., Stainez-Orozco, H. og Brouwer, K. (2019). „Women in Sex Work and the Risk Environment: Agency, Risk Perception, and Management in the Sex Work Environments of Two Mexico-U.S. Border Cities“, *Sexuality Research and Social Policy* 16(3), 317-328. doi:10.1007/s13178-018-0318-0

Archibald, M.M., Ambagtsheer, R.C., Casey, M.G. og Lawless, M. (2019). „Using Zoom videoconferencing for qualitative data collection: Perceptions and experiences of researchers and participants“, *International Journal of Qualitative Methods* 18, 1-8. doi:10.1177/1609406919874596

Servicestyrelsen, Kompetencecenter prostitution (2009). *Aspekter ved prostitution: Faglige redskaber til sags-*

- behandlere og andre fagpersoner. Sótt af <https://socialstyrelsen.dk/udgivelser/aspekter-ved-prostitutition-faglige-redskaber-til-sagsbehandlere-og-andre-fagpersoner>
- Basnyat, I. (2015). „Structural Violence in Health Care: Lived Experience of Street-Based Female Commercial Sex Workers in Kathmandu“, *Qualitative Health Research* 27(2), 191-203. doi:10.1177/1049732315601665
- Beckham, S.W., Shembilu, C.R., Winch, P.J., Beyrer, C. og Kerrigan, D.L. (2015). „If you have children, you have responsibilities’: Motherhood, sex work and HIV in southern Tanzania“, *Culture, health & sexuality* 17(2), 165-179. doi:10.1080/13691058.2014.961034
- Benoit, C., Jansson, S.M., Smith, M. og Flagg, J. (2018). „Prostitution stigma and its effect on the working conditions, personal lives, and health of sex workers“, *The Journal of Sex Research* 55(4-5), 457-471. doi:10.1080/00224499.2017.1393652
- Benoit, C., Smith, M., Jansson, M., Magnus, S., Flagg, J. og Maurice, R. (2018). „Sex work and three dimensions of self-esteem: self-worth, authenticity and self-efficacy“, *Culture, Health & Sexuality* 20(1), 69-83. doi:10.1080/13691058.2017.1328075
- Blintiff, A.V., Stark, C., Brown, L.D. og Alonso, A. (2018). „Lifelong wellbeing for survivors of sex trafficking: Collaborative perspectives from survivors, researchers, and service providers“, *Dignity: A Journal of Analysis of Exploitation and Violence* 3(3), 1-50. doi:10.23860/dignity.2018.03.03.03
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2001). *Vandi á Íslandi og félagslegt umbverfi þess: Áfangaskýrsla*. Reykjavík: Rannsóknir og greining og Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir (2003). *Vandi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umbverfi þess*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Brynhildur Björnsdóttir (2022). *Venjulegar konur: Vandi á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning.
- Comte, J. (2014). „Decriminalization of Sex Work: Feminist Discourses in Light of Research“, *Sexuality & Culture* 18(1), 196-217. doi:10.1007/s12119-013-9174-5
- Donevan, M. (2021). „In this industry, you’re no longer human”: An exploratory study of women’s experiences in pornography production in Sweden“, *Dignity: A Journal of Analysis of Exploitation and Violence* 6(3), 1-26. doi:10.23860/dignity.2021.06.03.01
- Dómsmálaráðuneytið (e.d.). *Áætlun ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir gegn mansali 2013-2016*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/almannaoryggi/adgerdir-gegn-brotastarfsemi/adgerdir-gegn-mansali/>
- Farley, M. (2018). „Risks of prostitution: When the person is the product“, *Journal of the Association for Consumer Research* 3(1), 97-108.
- Farley, M., Cotton, A., Lynne, J., Zumbek, S., Spiwak, F., Reyes, M.E., . . . Sezgin, U. (2004). „Prostitution and trafficking in nine countries: An update on violence and posttraumatic stress disorder“, *Journal of trauma practice* 2(3-4), 33-74.
- Farley, M., Lynne, J. og Cotton, A. (2005). „Prostitution in Vancouver: Violence and the colonization of first nations women“, *Transcultural Psychiatry* 42, 242-271. doi:10.1177/1363461505052667
- Farley, M., Matthews, N., Deer, S., Lopez, G., Stark, C. og Hudon, E. (2011). *Garden of truth: The prostitution and trafficking of native women in Minnesota*. Minnesota: Minnesota Indian Women’s Sexual Assault Coalition og Prostitution Research and Education.
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2019). „Ábyrgar konur og sjúkir karlar: Birtingarmyndir nauðgunarmenningar í íslensku samfélagi“, *Ritid* 19(1), 15-40. doi:10.33112/ritid.19.1.2
- Fríða Rós Valdimarsdóttir (2009). *Líka á Íslandi: Rannsókn á eðli og umfangi mansals*. Sótt af <https://rikk.hi.is/wp-content/uploads/L%C3%ADka-%C3%A1-%C3%8Dlandi-Ranns%C3%B3kn-%C3%A1-e%C3%B0li-og-umfangi-mansals.pdf>
- Gatrell, C. (2010). „Who rules the game? An investigation of sex-work, gender, agency and the body“, *Gender in Management* 25(3), 208-226. doi: 10.1108/17542411011036419

- Gerassi, L. (2015). „From Exploitation to Industry: Definitions, Risks, and Consequences of Domestic Sexual Exploitation and Sex Work Among Women and Girls“, *Journal Of Human Behavior In The Social Environment* 25(6), 591-605. doi:10.1080/10911359.2014.991055
- Hatcher, M., Bernard, A.L., Franklin, A., Morrissey, A., Jacobs, B., Jimenez, C., ... Carter, V. (2018). „Exited prostitution survivor policy platform“, *Dignity: A Journal of Analysis of Exploitation and Violence* 3(3), 1-12. doi:10.23860/dignity.2018.03.03.10
- Hildur Fjólá Antonsdóttir (2019). „Iceland: (Young) people and prostitution: Knowledge base, social initiatives and legal measures“, í C. Holmström (ritstj.), *Young people, vulnerabilities and prostitution/sex for compensation in the Nordic countries* (bls. 97-137). Danmörk: Nordic council of ministers.
- Hodges, K. og Burch, S. (2019). „Multiple and intersecting experiences of women in prostitution: Improving access to helping services“, *Dignity: A Journal of Analysis of Exploitation and Violence* 4(2), 1-22. doi:10.23860/dignity.2019.04.02.03
- Hulusjö, A. (2013). *The multiplicities of prostitution experience: Narratives about power and resistance* (doktorsritgerð). Malmö University, Malmö.
- Jensen, R. (2017). *The end of patriarchy: Radical feminism for men*. Melbourne: Spinifex Press.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir (2013). „Úrtök og úrtaksaðferðir í eiginlegum rannsóknum“, í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129-136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kingston, S. og Thomas, T. (2019). „No model in practice: a ‘Nordic model’ to respond to prostitution?“, *Crime, Law and Social Change* 71, 423-439. doi:10.1007/s10611-018-9795-6
- Langford, M. og Skilbrei, M.-L. (2022). „Branding the Nordic model of prostitution policy“, í H. Byrkjeflot, L. Mjøset, M. Mordhost og K. Petersen (ritstj.), *The making and circulation of Nordic models, ideas and images* (bls. 165-191). London: Routledge.
- Levy, J. (2015). *Criminalising the purchase of sex: Lessons from Sweden*. London: Routledge.
- Lim, S., Peitzmeier, S., Cange, C., Papworth, E., LeBreton, M., Tamoufe, U., ... Baral, S. (2015). „Violence Against Female Sex Workers in Cameroon: Accounts of Violence, Harm Reduction, and Potential Solutions“, *J AIDS Journal of Acquired Immune Deficiency Syndromes* 68, 241-247.
- Lögreglustjórnin á Höfuðborgarsvæðinu (2014). *Ársskýrsla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu*. Sótt af [https://issuu.com/logreglan/docs/\\_rssk\\_rslan\\_2014](https://issuu.com/logreglan/docs/_rssk_rslan_2014)
- Lögreglustjórnin á Höfuðborgarsvæðinu (2016). *Ársskýrsla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu*. Sótt af [https://issuu.com/logreglan/docs/logreglan\\_arsskyrsla\\_2016\\_net](https://issuu.com/logreglan/docs/logreglan_arsskyrsla_2016_net)
- Lögreglustjórnin á Höfuðborgarsvæðinu (2017). *Ársskýrsla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu*. Sótt af [https://issuu.com/logreglan/docs/l\\_greglan-rssk\\_rsla2017](https://issuu.com/logreglan/docs/l_greglan-rssk_rsla2017)
- Lögreglustjórnin á Höfuðborgarsvæðinu (2018). *Ársskýrsla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu*. Sótt af [https://issuu.com/logreglan/docs/\\_rsk\\_rsla\\_l\\_greglustj\\_rans\\_h\\_fu\\_borgarsv\\_inu](https://issuu.com/logreglan/docs/_rsk_rsla_l_greglustj_rans_h_fu_borgarsv_inu)
- Lögreglustjórnin á Höfuðborgarsvæðinu (2019). *Ársskýrsla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu*. Sótt af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2020/11/Arsskyrsla2019-LRH.pdf>
- Lögreglustjórnin á Höfuðborgarsvæðinu (2020). *Ársskýrsla lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu*. Sótt af <https://arsskyrsla.lrh.is/2020/#verkefning>
- Månsson, S.-A. (2017). „The History and Rationale of Swedish Prostitution Policies“, *Dignity: A Journal of Analysis of Exploitation and Violence* 2(4), 1-16. doi:10.23860/dignity.2017.02.04.01
- Neale, J. og Hodges, K. (2020). „‘My head was like a washing machine on spin’: (Improving) women’s experiences of accessing support“, *Dignity: A Journal of Analysis of Exploitation and Violence* 5(3), 1-19. doi:10.23860/dignity.2020.05.03.03
- Peled, E. og Levin-Rotberg, T. (2013). „The Perceptions of Child Protection Officers toward Mothering in Prostitution“, *Social Service Review* 87(1), 40-69. doi:10.1086/670233
- Rivers-Moore, M. (2010). „But the kids are okay: motherhood, consumption and sex work in neo-liberal Latin America“, *The British Journal of Sociology* 61(4), 716-736. doi:10.1111/j.1468-4446.2010.01338.x
- Ríkislögreglustjórnin (2010). *Afbrotatölfræði 2009*. Sótt af [https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-RLS\\_2009.pdf](https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-RLS_2009.pdf)

- Ríkislögreglustjórinn (2011). *Afbrotatölfræði 2010*. Sótt af [https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/08/AFBROTAT%C3%96LFR2010\\_ENDANLEG.pdf\\_\\_pdf](https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/08/AFBROTAT%C3%96LFR2010_ENDANLEG.pdf__pdf)
- Ríkislögreglustjórinn (2012). *Afbrotatölfræði 2011*. Sótt af [https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-RLS\\_2011.pdf](https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-RLS_2011.pdf)
- Ríkislögreglustjórinn (2013). *Afbrotatölfræði 2012*. Sótt af [https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-RLS\\_2012.pdf](https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2014/12/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-RLS_2012.pdf)
- Ríkislögreglustjórinn (2014). *Afbrotatölfræði 2013*. Sótt af [https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/08/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-RLS\\_2013.pdf](https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/08/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-RLS_2013.pdf)
- Ríkislögreglustjórinn (2015). *Afbrotatölfræði 2014*. Sótt af <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/08/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2014.pdf>
- Ríkislögreglustjórinn (2016). *Afbrotatölfræði 2015*. Sótt af [https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/08/Helstu-ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0ur-Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6-C3%B0i-2015\\_uppf2018.pdf](https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/08/Helstu-ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0ur-Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6-C3%B0i-2015_uppf2018.pdf)
- Ríkislögreglustjórinn (2017). *Afbrotatölfræði 2016*. Sótt af [https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/08/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2016\\_uppf%C3%A6020818.pdf](https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/08/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2016_uppf%C3%A6020818.pdf)
- Ríkislögreglustjórinn (2018). *Afbrotatölfræði 2017*. Sótt af <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/09/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2017-sept.-2018.pdf>
- Ríkislögreglustjórinn (2019). *Afbrotatölfræði 2018*. Sótt af <https://dev.logreglan.is/wp-content/uploads/2019/05/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2018-29.5.2019.pdf>
- Ríkislögreglustjórinn (2020). *Afbrotatölfræði 2019*. Sótt af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/02/Afbrotatolfraedi-2019.pdf>
- Ríkissaksóknari (2020). *Brot sem ljúka má með lögreglustjórasekt*. Sótt af <https://www.ríkissaksoknari.is/media/arsskyrslur/RS-6-2020-Brot-sem-ljuka-ma-med-logreglustjorasekt.pdf>
- Roe-Sepowitz, D.E. (2012). „Juvenile Entry Into Prostitution: The Role of Emotional Abuse“, *Violence Against Women* 18(5), 562-579. doi:10.1177/1077801212453140
- Roe-Sepowitz, D.E., Hickle, K.E. og Cimino, A. (2012). „The Impact of Abuse History and Trauma Symptoms on Successful Completion of a Prostitution-exiting Program“, *Journal of Human Behavior in the Social Environment* 22(1), 65-77. doi:10.1080/10911359.2011.598830
- Samtök ferðaþjónustunnar (2019). *Vopn gegn vandi: Fræðslufni*. Sótt af <https://www.saf.is/2019/06/07/vopn-gegn-vaendi/>
- Sanders, T. (2016). „Inevitably violent? Dynamics of space, governance, and stigma in understanding violence against sex workers“, *Studies in law, politics, and society. Problematising Prostitution: Critical Research and Scholarship* 71, 93-114. doi:10.1108/S1059-433720160000071005
- Slobodin, O. (2018). „Between the eye and the gaze: Maternal shame in the novel We Need to Talk about Kevin“, *Feminism & Psychology* 29(2), 214-230. doi:10.1177/0959353518783785
- Smith, M. og Mac, J. (2018). *Revolt of prostitutes: The fight for sex workers' rights*. London: Verso.
- Stígamót (2011). *Ársskýrsla Stígamóta*. Sótt af <https://stigamot.is/wp-content/uploads/2020/08/arsskyrsla2011.pdf>
- Stígamót (2013). *Ársskýrsla Stígamóta*. Sótt af [https://stigamot.is/wp-content/uploads/2020/08/arsskyrsla\\_2013-netid.pdf](https://stigamot.is/wp-content/uploads/2020/08/arsskyrsla_2013-netid.pdf)
- Stígamót (2015). *Ársskýrsla Stígamóta*. Sótt af <https://stigamot.is/wp-content/uploads/2020/08/stigamot-2015-netid.pdf>
- Stígamót (2020). *Ársskýrsla Stígamóta*. Sótt af [https://stigamot.is/wp-content/uploads/2022/03/stigamot\\_arsskyrsla\\_2020\\_vef.pdf](https://stigamot.is/wp-content/uploads/2022/03/stigamot_arsskyrsla_2020_vef.pdf)
- Sunna Sæmundsdóttir (2022). „Vilja selja löglegt kynlíf og ganga í stéttarfélag“, *Vísir*, 26. apríl. Sótt af <https://www.visir.is/g/2022252215d/vilja-selja-loglegt-kynlif-og-ganga-i-stettarfelag>
- Unnur Guðrún Óttarsdóttir (2013). „Grunduð kenning og teiknaðar skýringarmyndir“, í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 361-375). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Wilson, B. og Nochajski, T.H. (2016). „Predictors of readiness to exit commercial sexual exploitation among women in India and the U.S.“, *Dignity: A Journal of Analysis of Exploitation and Violence* 1(1), 1-25. doi:10.23860/dignity.2016.01.01.07

- Wilson, H.W. og Widom, C.S. (2010). „The Role of Youth Problem Behaviors in the Path From Child Abuse and Neglect to Prostitution: A Prospective Examination“, *Journal of Research on Adolescence* 20(1), 210-236. doi:10.1111/j.1532-7795.2009.00624.x
- Þingskjal nr.1295/2013-2014. Svar félags- og húsnæðismálaráðherra um lokun Kristínarhúss og úrræði fyrir einstaklinga í vændi.
- Þingskjal nr. 583/2008-2009. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.
- Þingskjal nr. 1390/2007. Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).
- Þórhildur Sæmundsdóttir og Þorgerður J. Einarsdóttir. (2018). „„Hún reyndi ekki að kalla á hjálp ...“ Greining á niðurstöðum Hæstaréttar í nauðgunarmálum“, *Ríð* 18(3), 67-96.